



# Flokkun og merking efna og efnablandna

*Ný reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, svonefnd CLP reglugerð, tók fullt gildi hér á landi þann 1. júní 2015. Hún innleiðir CLP reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008. Tilgangur þessara reglugerða er að tryggja örugga heilsu- og umhverfisvernd, auk þess að stuðla að frjálsum flæði efna og efnablandna á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.*



## Markaðssetning efnavöru

CLP stendur fyrir „Classification, Labelling and Packaging of substances and mixtures“ og er um að ræða útfærslu Evrópusambandsins á hnattsamræmdu kerfi Sameinuðu þjóðanna á flokkun og merkingu efna og efnablandna. Markmiðið með reglugerðinni er að efni og efnablöndur verði flokkuð og merkt á sama hátt alls staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins og að þannig sé miðlað upplýsingum um mögulega hættu sem stafar af notkun efna og efnablandna, til verndar starfsmönnum, neytendum og umhverfi.

Með CLP reglugerðinni færast ábyrgð á flokkun efna og efnablandna frá yfirvöldum til atvinnulífsins. Eingöngu má markaðssetja efni og efnablöndur ef búið er að flokka þau samkvæmt CLP eða staðfest hefur verið að þau séu ekki hættuleg, en þá á flokkun ekki við. Öll efni og allar efnablöndur sem eru settar á markað og hafa eiginleika sem gera þau hættuleg skal flokka og merkja samkvæmt CLP.

## Merkingar

Með CLP reglugerðinni eru tekin í notkun ný hættumerki og leysa þau af hólmi eldri tákni, sem voru svört á appelsínugulum grunni. Athugið að hættumerkjum hefur fjölgað og ekki er lengur þörf á sérstökum texta undir merkjunum. Hér að neðan má sjá dæmi um samanburð á gömlum og nýjum hættumerkjum:



## Full innleiðing CLP reglugerðar


Á Íslandi hefur CLP reglugerðin verið skyldubundin fyrir hrein efni síðan 1. desember 2012 og því er talsvert langt síðan nýju hættumerkin komu fyrst í notkun hér á landi. Frá og með 1. júní 2015 hafa þau verið skyldubundin fyrir bæði hrein efni og efnablöndur. Hrein efni og efnablöndur sem markaðssett eru eftir 1. júní 2015 og flokkast hættuleg eiga því hér eftir öll að bera nýjar og uppfærðar merkingar samkvæmt CLP. Þó mega efnablöndur sem komnar voru á markað fyrir 1. júní 2015 vera í sölu fram til 1. júní 2017, en eftir það þarf að endurmerkja þær og umpakka.

Efni eða blanda, sem flokkast sem hættuleg, skal bera merkimiða á umbúðum þar sem eftirtalin atriði koma fram:

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja
- Vörukenni
- Hættumerki
- Viðvörðunarorð
- Hættusetningar
- Varnaðarsetningar
- Magn efnis eða blöndu, nema magnið sé tiltekið annars staðar á umbúðum
- Reitur fyrir viðbótarupplýsingar ef þurfa þykir

Þegar útbúnir eru merkimiðar á innflutt efni og efnablöndur skulu allar ofantaldar upplýsingar koma fram á íslensku. Athugið þó að ekki er nauðsynlegt að prenta hættumerkin sjálf, svo lengi sem þau eru vel sýnileg á umbúðum frá framleiðanda. Jafnframt ber að gæta þess að íslenski merkimiðiinn sé ekki límdur yfir aðrar mikilvægar upplýsingar sem fyrir eru á umbúðunum.

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um íslenskan merkimiða sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar. Hættu- og varnaðarsetningar eru staðlaðar og lista yfir þær á íslensku má finna á <http://www.ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/merkingar-og-umbudir/>. Athugið að auk nýrra hættumerkja kann flokkun efna að breytast með innleiðingu CLP reglugerðarinnar og áður ómerktar vörur gæti nú þurft að merkja.



\* Vörukenni fyrir blöndu skal innihalda viðskiptaheiti eða heiti blöndunnar. Jafnframt þarf að auðkenna efni í blöndunni ef þau hafa áhrif á flokkun hennar varðandi eftirfarandi þætti: Bráð eiturrhif, húðæting eða alvarlegur augnskaði, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturrhif á æxlun, næming öndunarfæra eða húðnæming, sértæk eiturrhif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhætta.

## Uppfærsla merkinga

### Íslensk framleiðsla á efnum og efnablöndum

Frá og með 1. júní 2015 eiga bæði efni og efnablöndur sem framleiddar eru hér á landi að vera flokkaðar og merktar samkvæmt CLP reglugerð nr. 415/2014.

### Innflutt efni eða efnablöndur

Samkvæmt CLP reglugerðinni eiga öll hættuleg efni og efnablöndur sem markaðssett eru eftir 1. júní 2015 að vera með uppfærðar merkingar á íslensku, þar með talið hættu- og varnaðarsetningar. Ekki er þörf á að prenta hættumerkin á íslenska merkimiða því hættumerkin eru alþjóðleg og standa án texta. Hættumerki eiga því að vera á upprunalegum merkingum frá framleiðanda.

### Innflutt efni eða efnablöndur með nýjar CLP merkingar frá framleiðanda

Innflutt efni og efnablöndur með nýjar CLP merkingar eiga undantekningalaust að vera komnar með uppfærðan og íslenskan merkimiða. **Ekki er heimilt að nota merkimiða með gömlum hættumerkjum á vöru sem komin er með nýjar CLP merkingar frá framleiðanda. Í slíkum tilfellum mun Umhverfisstofnun gera kröfur um úrbætur.**

### Innflutt efni eða efnablöndur með gamlar hættumerkingar frá framleiðanda

Séu efni eða efnablöndur framleidd erlendis fyrir 1. júní 2015 ber innflytjanda að óska eftir upplýsingum um CLP flokkun og merkimiða frá framleiðanda. Útbúa skal merkimiða á íslensku og nota hann hér eftir. Innflytjendur eru jafnframt hvattir til að vera í góðum samskiptum við sína birgja og óska eftir að fá vörusendingar með nýjum merkingum eins fljótt og auðið er.

### Innflutt efni eða efnablöndur án hættumerkinga

Ef innflutt efni eða efnablöndur eru ekki með neinar hættumerkingar þarf að ganga úr skugga um að sú flokkun sé rétt samkvæmt CLP og á það sérstaklega við um vörur sem framleiddar eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Komi í ljós að vara eigi í raun að vera hættumerkt ber innflytjandi ábyrgð á að hún verði flokkuð rétt og merkt samkvæmt CLP áður en hún er markaðssett á Íslandi.